



**Upplýsing - félag bókasafns- og upplýsingafræða**  
Aðalfundur Upplýsingar  
30. maí 2024

Fundarstaður: Edda – hús íslenskunnar, Arngrímsgata 5, 107 Reykjavík.

Fundarstjóri: Berglind Hanna Jónsdóttir.

Fundarritari: Stefanía Gunnarsdóttir.

Mættir voru 40 félagar.

Upplýsing boðaði til þessa aðalfundar þann 26. apríl 2024 en til aðalfundar skal boðað skriflega með minnst tíu daga fyrirvara samkvæmt 8. grein laga félagsins.

**Dagskrá:**

Þórný Hlynsdóttir formaður Upplýsingar setti fundinn klukkan 13:00 og tilnefndi Berglinni Hönnu Jónsdóttur sem fundarstjóra og Stefaníu Gunnarsdóttur sem fundarritara og var það samþykkt.

**a) Skýrsla stjórnar**

Þórný Hlynsdóttir, formaður fór yfir skýrslu stjórnar fyrir starfsárið 2023-2024. Haldnir voru þrettán stjórnarfundir í gegnum fjarfundi á starfsárinu og þar af einn fundur þar sem stjórnin hittist. Félagar í Upplýsingu eru 397 og þar af eru 36 með stofnanaaðild. Skráningar nýrra félaga voru 22.

Formaður þakkar kærlega öllum þeim sem hafa lagt hönd á plóg fyrir starf Upplýsingar. Að sama skapi vill Upplýsing þakka félagsmönnum kærlega fyrir stuðning við starfsemina, sérstaklega þeim sem mættu og/eða héldu erindi á Morgunkornum.

Árið var sérstakt að mörgu leyti, viðburðarík ráðstefna IFLA dró dilk á eftir sér en þar var því harðlega mótmælt að IFLA ætlaði að halda ráðstefnu næsta árs í Dubai. Upplýsing ásamt norrænu systurfélagunum sendu frá sér sameiginlega yfirlýsingu þar sem því var mótmælt.

Bókasöfn í Fjarðabyggð leituðu til félagsins vegna skipulagsbreytinga sem komu illa við bókasöfnin og þeim gert að heyra undir skólastjórnendum að þeim loknum. Þá leitaði deildarstjóri Upplýsingafræðiskorar í Háskóla Íslands til félagsins og óskaði eftir stuðningi vegna niðurskurðar í kjölfar breytinga á reiknilíkani ráðherra til háskólanna.

Upplýsing tók þátt í fundi sem boðaður var af starfsmönnum Kaupmannahafnar kommúnu, auk norrænu systurfélaganna um stöðu stafrænna útlána innan Norðurlandanna, hjá hverju landi fyrir sig auk þess sem hugmyndir um aðgengi að bókmenntum landanna í sameiginlegum gagnagrunni voru ræddar.

Boðið var upp á fimm fræðslufundi í viðburðaröð sem kölluð er Morgunkorn. Eitthvað hefur borið á kvörtunum vegna fyrirkomulags Morgunkorna og að til þeirra sé boðað með skömmum fyrirvara. Stjórn hefur rætt um mögulegar breytingar á fyrirkomulaginu og ákvað að senda út könnun meðal félagsmanna.

Hvatningarverðlaun voru veitt í október 2023, dómnefnd fékk innsendar tvær tilnefningar á Bókasafnsdaginn sem teknar voru til umfjöllunar og eftir umræður og mat á þeim, sem voru báðar metnaðarfullar og áhugaverðar. Verkefnið Stofan - A Public Living Room varð fyrir valinu. Bókasafnsdagsnefnd er þakkað fyrir skemmtilegan Bókasafnadag þann 8. september sem og öllum þeim sem samþykkt hafa að starfa í nefndum og ráðum sem tengjast félaginu. Þá eru Sigrúnu Guðnadóttur, Margréti Sigurgeirsdóttur og félögum þeirra í Landsfundarnefnd einnig færðar kærar þakkir. Landsfundur var haldinn í Hafnarfirði í september 2023 og tókst ákaflega vel.

Að lokum þakkaði formaður stjórninni, vefstjóra og öðrum þeim sem unnið hafa fyrir Upplýsingu fyrir þeirra framlag og mælir með að allir prófi að taka þátt í starfi Upplýsingar. Sigurgeir Finnsson gjaldkeri og Stefanía Gunnarsdóttir ritari ganga úr stjórn. Þeim er þökkun samvinnan og vinnu þeirra í þágu félagsins.

Skýrslu stjórnar er hægt að lesa í heild í prentaðri og rafrænni ársskýrslu Upplýsingar ([upplysing.is](http://upplysing.is)).

**Skýrsla stjórnar:** Samþykkt.

#### **b) Skýrslur hópa og nefnda**

Formaður fór yfir skýrslur fastanefnda og hægt er að lesa meira um það í prentaðri og rafrænni ársskýrslu Upplýsingar ([upplysing.is](http://upplysing.is)). Rafrænt tímarit Bókasafnsins kom út í dag og þakkar formaður ritnefnd sérstaklega fyrir.

#### **c) Reikningar félagsins**

Sigurgeir Finnson gjaldkeri gerði grein fyrir reikningum félagsins. Reikningar eru yfirfarnir af bókara og samþykktir af skoðunarmönnum félagsins.

Fram kom að samkvæmt ársreikningum er tap á rekstri félagsins að upphæð 1.395.557.

**Reikningar félagsins:** Samþykktir.

#### **d) Ákvörðun launa og þóknunar til stjórnarmanna.**

Gjaldkeri leggur til 20% hækkun launa og þóknunar til stjórnarmanna. Formaður situr hjá við atkvæðagreiðslu. Samþykkt af fundinum.

#### **e) Fjárhags- og framkvæmdaáætlun næsta starfsárs.**

Fjárhags- og framkvæmdaáætlun næsta starfsárs var lögð fram til kynningar af Sigurgeiri Finnssyni gjaldkera Upplýsingar. Áætlaðar tekjur eru kr. 5.150.000 og áætluð gjöld kr. 4.745.000.

**Fjárhagsáætlun:** Samþykkt.

**f) Árgjald.**

Stjórn Upplýsingar mælir með óbreyttu árgjaldi. Almennir félagar greiða 7.000 kr., stofnanir 14.000 kr. og nemendur í upplýsingafræði 3.500 kr. Samþykkt einróma.

**g) Lagabreytingar.**

Tillaga kom frá á fundinum um að á næsta ári fari fram kosning í fastanefndir. Boðað verði til þess löglega fyrir næsta aðalfund.

**h) Kosning stjórnar og varamanna sbr. 5. gr.**

Í núverandi stjórn sitja Þórný Hlynsdóttir (formaður), Andrea Ævarsdóttir (varaformaður), Sigurgeir Finnson (gjaldkeri), Stefanía Gunnarsdóttir (ritari) og Svanhvít Sif Sigurðardóttir (meðstjórnandi). Sigurlaug Jóna Hannesdóttir og Laufey Svavarsdóttir koma nýjar í stjórn. Varamenn í stjórn: Stefanía Gunnarsdóttir (til eins árs) og Sigurgeir Finnsson (til tveggja ára).

**j) Kosning í fastanefndir.**

**k) Önnur mál.**

Sif kynnti niðurstöður fræðslukönnun sem gerð var á vegum Upplýsingar í apríl. Flestir vilja fjárfundi, vilja halda Morgunkornum í óbreyttir mynd og þá sem viðbót við aðra fræðslu.

**Fundi slitið 13:58** og félagsmönnum boðið að þiggja veitingar.

Stefanía Gunnarsdóttir  
Sigurgeir Finnsson  
Þórný Hlynsdóttir  
Andrea Ævarsdóttir  
Sif Svanhvít Sigurðardóttir